

Borgarstjórn
21. janúar 2020

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um frestun áforma um nýja íbúabyggð í Skerjafirði

Borgarstjórn samþykkir að áformum um nýja íbúðabyggð í Skerjafirði verði frestað á meðan rannsóknir á möguleikum á nýjum flugvelli í Hvassahrauni fara fram og tekin hefur verið ákvörðun um nýjan innanlandsflugvöll og hann tilbúinn til notkunar enda kemur fram í nýlegu samkomulagi ríkis og borgar að miðað verði við að Reykjavíkflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til nýr flugvöllur er fullbúinn til notkunar. Samkvæmt samningi ríkis og borgar þarf að fara í aðalskipulagsbreytingu en sú vinna er eftir. Þá liggur einnig fyrir að fara á í gerð hverfisSKIPULAG árið 2022 fyrir Vesturbæinn sem kallar á mikið samráð við íbúa varðandi skipulag hverfisins. Fyrir liggur að óskað hefur verið eftir að fram fari umhverfismat á svæðinu sem gæti haft áhrif á skipulag hverfisins en því er ólokið. Með alla ofangreinda þætti í huga er eðlilegt og skynsamlegt að fresta uppbyggingaráformum á svæðinu.